

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 32

Dags. 16.5.2012

Skipulags- og umhverfisnefnd - 16.05.2012

32. fundur.

16. maí 2012 kl 10:00 -13:30

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Friðgeir Sigtryggsson

Snæfríður Njálisdóttir

Þórunn Jónsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

1. Drög að reglugerð um verndun Mývatns og Laxár.

S20120406

Tekið fyrir erindi sem sent var í tölvupósti 13. apríl s.l. frá Umhverfisráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsögn Þingeyjarsveitar um þau ákvæði sem varða sveitarfélagið í drögum að nýrri reglugerð um verndun Mývatns og Laxár.

Skipulags- og umhverfisnefnd felur Árna Pétri Hilmarssyni og Snæfríði Njálisdóttur að taka saman athugasemdir sem fram komu á fundinum og kynna þær fyrir sveitarstjórn.

2. Jaðar Reykjadal. Hesthús og vélageymsla

S20120405

Erindi dags 23. apríl sem byggingarfulltrúi vísaði til skipulags- og umhverfisnefndar frá Arnhildi Pálmadóttur f.h. Sigurðar Haraldssonar Jaðri þar sem sótt er um leyfi til að reisa hesthús og vélageymslu á jörðinni Jaðri skv. meðfylgjandi teikningum dags 20. mars 2012 frá Hönnunarverksmiðjunni ehf. (A. P.)

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar.

3. Þeistareykjavirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna breikkunar á Þeistareykjavegi nyrðri..

S20120501

Erindi dags 10. maí 2012 frá Árna Gunnarssyni, verkefnisstjóra f.h. Þeistareykja ehf. þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Þeistareykjavegar nyrðri ásamt lagningu tilheyrandi lagna og endabúnaðar í vegöxl hans, lagningu vatnsveitupípu og raf- og fjarskiptalagna í hluta af leiðinni.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt þar sem það samræmist gildandi skipulagsáætlunum.

4. Þeistareykjavirkjun. Umsókn um stofnun lóðar

S20120101

Erindi dags 30. apríl 2012 frá Jóni Sveinssyni hrl. yfirmanni lögfræðimála hjá Landsvirkjun þar sem sótt er um stofnun lóðar að Þeistareykjum í Þingeyjarsveit í samræmi við lóðarleigusamning Þeistareykja ehf og Þingeyjarsveitar dagsettum 27. desember 2011.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt þar sem stofnun lóðar er í samræmi við samning sem vísað er til í umsókninni.

5. Landsskipulag. Greinargerð um athugasemdir

S20120502

Lögð fram til kynningar „Umsögn Skipulagsstofnunar um athugasemdir við lýsingu landsskipulagsstefnu 2013-2024, ásamt matslýsingu vegna umhverfismats Samantekt og afrit athugasemda“.

Lagt fram til kynningar

6. Rauðaskriða I-III. Deiliskipulag

S20120201

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi Rauðuskriðu I-III. Tillagan var auglýst frá 16. mars til 27. apríl 2012. Ein athugasemd barst við auglýstri tillögu frá Sigurði Bergsteinssyni minjaverði Norðurlands eystra eftir að athugasemdarfresti lauk: Minjavörður hafði ekki gert athugasemdir á fyrri stigum þegar málinu var vísað til umsagnar hans.

(Minjavörður bendir á að þar sem kálgarðurinn er merkar minjar um einn af elstu kálgörðum landsins og þar sem ætlunin er að kynna garðinn með skilti og betra aðgengi verði að honum en gert var ráð fyrir á auglýstri tillögu gerir hann ekki athugasemd við staðsetningu hússins verði því hliðrað til suðurs þannig að um 6 m bil verði milli garðsins og hússins)

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að deiliskipulagstillagan með fyrrgreindum breytingum að ósk minjavarðar verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv.1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr.123/2012

7. Laugar. Göngustígar

S20120407

Tekin fyrir fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 17.04.2012 sem sveitarstjórn vísaði til skipulags- og umhverfisnefndar á fundi sínum 26.apríl s.l. vegna styrkumsóknar frá Guðnýju Þorbergsdóttur og Bryndísi Pétursdóttur f.h. félagasamtakanna Afbreytingar í Reykjadal sem hafa áhuga á að merkja eina –þrjár göngu og útivistaleiðir, með stikum, upplýsingaspjöldum og heimsíðugerð í landi sveitarfélagsins á Laugasvæðinu.

Einnig er umsókn frá Guðnýju Þorbergsdóttur þar sem hún sækir um styrk til að kaupa og koma fyrir bekkjum við sundlaugina, við íþróttavöllinn, og á Kleiki

Meðfylgjandi er loftmyndir sem sýnir fyrirhugaðar gönguleiðir.

Skipulags- og umhverfisnefnd fagnar þessu framtaki íbúa sveitarfélagsins og gerir ekki athugasemdir við legu umræddrar gönguleiðar og að hún verði merkt eins og fram kemur í umsókninni. Þá gerir nefndin ekki athugasemdir við að að gönguleiðir verði merktar og bekkjum verði komið fyrir á þeim stöðum sem sótt er um að því tilskyldu að viðkomandi lóðarhafar og/eða landeigendur veiti samþykki sitt fyrir þessum áformum.

8. Lundsskógur. Breyting á landnotkunarflokkum.

S20120503

Skipulagsfulltrúi leggur fram hugmyndir að verklagi við breytingu á aðalskipulagi þar sem svæði ætluðu fyrir frístundabyggð verði breytt í svæði fyrir íbúðabyggð.

Formanni skipulags- og umhverfisnefndar hefur verið boðið á fund félags húseigenda í Lundsskógi og mun hann greina frá umræðum á fundi nefndarinnar varðandi mögulegar skipulagsbreytingar og kostum þeirra og göllum..

9. Stekkjarbyggð 22 . Breyting á deiliskipulagsskilmálum

S20120404

Tekið fyrir að nýju vegna nýrra upplýsinga fyrirspurn frá Rögnvaldi Harðarsyni f.h. Kristjáns Ellerts Benediktssonar lóðarhafa að Stekkjarbyggð 22 í Fnjóskadal þar sem óskað er eftir leyfi til að fara örlítið út fyrir byggingarreit og snúa húsi úr línu við mænisstefnu sem er fyrirskrifuð á skipulagsuppdrætti. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Rögnvald Harðarson.

Umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði grenndarkynnt fyrir næstu nágrönnum, landeiganda og stjórn húseigendafélagsins skv. 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010

Fundi slitið